

-Maurice Peterson, New York: USA

Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árpúsunds með fingerðum stíl og tilfinningaþunga. Sjaldan hefur listamaður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.

-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland

Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar listamönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.

-Elisabeth Belile, Texas: USA

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungið töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.

Birgitta Jónsdóttir
Beyond Borders Smákverasafn

Goð og
Gyðjur

Æ v i á g r i p

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum.

Listaverk eftir hana má finna í opinberri eigu og meðal safnara hérlendis og í BNA.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk hennar má finna í safnbókum, dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í BNA, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Rúmeníu og víðar.

Hún telst til listrænna frumkvöðla í þeim gjörningi að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996 undir heitinu "Drápa".

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, útgefandi og því hefur hún eintatt verið skilgreind sem fjöllistakona þó enn hafi hún ekki starfað í sirkus.

<http://kameljon.blogspot.com>
<http://birgitta.blog.is>
<http://this.is/birgitta>
<http://joyb.blogspot.com>

G o ð &
G y ð j u r



Beyond Borders Smákverasafn #8

Reykjavík, Ísland 2005
poems@this.is

Goð & Gyðjur

Örlagaþræðir

Í bláleitum heimi
handan við höfin sjö
bjuggu gyðjur lífsins.
Þær sátu við enda heimsins
undir askinum mikla
og spunnu örlagavefi.
Þeirra eigin vefir
svifu frá spunastokkunum.

Þær flögruðu inn í mannheima
til að þræða saman
hinn dýpsta trega,
ástargaldurinn,
eyðingarmátt hatursins
og lífsþrána.

Bárður

Í miðju jökuls
býr gamall andi er Bárður nefnist.
Hann eys af þekkingu sinni
til þeirra
sem kunna listina að
hlusta.

Bárður býr í miklum helli
í félagsskap snjódísa og ljósálfa.
Þegar vel liggur á honum
endursendist gleðin í
svartnættið.
Norðurljós.

Þegar sinnið er þungt og myrkurt
endursendist þykkjan
í morgunbirtuna.
Sortnar fyrir sólu.

Þegar Bárði leiðist
hin merka tilvera sín,
bregður hann á leik
með vatnadísunum.
Þær kitla hann með dansi sínum,
syngja tærum röddum
hnýta sefkransa
hvísla gleðinið
í hjarta hans.

Bárður hefur leikið
við vatnadísirnar í þúsund ár.
Gleymt eilífleika andartaksins.
Funduð kalið hjartað bráðna
þekkinguna þrjóta.
Elskað forneskju sína.

Sendiboðarnir:

Huginn & Muninn

Svartir hrafnslíkamar,
snerta tímans mörk.

Leita fréttu,
visku,
til að færa holu auga meistara síns.

Þeir nærast á þekkingu.
Þeir nærast á sögusögnum.
Spýta því í hungrað eyra Óðins.

Þorsta hans í þekkingu mun aldrei þverra.

Þeir fljúga hátt og lágt.
Í hvern krók og kima hins mannlega eðlis.
Þeir svífa inn í ódreymda drauma.
Þeir flögra við jaðar hugans.

Færa meistara sínum allt sem þeir finna.
Svo hann megi vaxa.

Deila visku sinni
meðal þeirra sem minna vita.

**RÖDD
HENNAR
SEIÐUR**

**ORD
HENNAR
VEFUR**

**SPINNIR
ÖRLAGA
PRÆÐI
VIÐ
PIG**

**HVERFUR
SVO
ÚT Í
NÓTTINA**

SVIPUR

**SKILUR
EKKERT
EFTIR
SIG
NEMA
ÝFÐA
FJÖÐUR
&
DÆLD Í
KODDANUM**



Mynd af Frigg

Pegar tunglið er fullt
opnar hún æð viskunnar
–bíður honum að bergja á.

Verndari týndra sálna
örlagavaldur.

Það eru ekki til neinar myndir
af andliti hennar.

Hún er hið dulda afl þekkingar
–dansar í skugga Óðins.

Fyllir hann sér
fyrirgefur taumleysið.

Hún er gyðja gyðjanna
vörður leyndarmála.



Mánagyðjan


Auga tunglsins starir
vökult til baka
Í fyllingu
kallar á blóðförn

Ég færi því
blóð hreinsunar

Svo hafa
kynsystur mínar
gert um aldir alda

Á milli
tunglyðju
og kvengyðju
eru órjúfanleg
bönd

Blóðfórnin
getur af sér
nýtt líf



Heimdallur & Dómsdagaskalið

Þegar hann blæs í hornið
boðar það endalok heimsins
eins og við þekkjum hann.

Þegar gnýr hornsins
endurvarpast um jörðina
mun hún deyja
eins og við þekkjum hana.

Heimdallur hvíslaði
eitt sinn í eyra mér
að hin gömlu gildi munu deyja
en jörð muni rísa að nýju
iðagræn.

Ég þrái að trúa orðum hans.
Ég þrái að heyra hornsins gný.

Lístagyðjan

Ég er forn vera.
Gömul og hnarreist
útingangskerling.
Speki völunnar
byljandi í brjósti.

Ég hef gengið
um í hofum þeim
sem löngu eru urðuð
í jarðveg gleyskunnar.
Ég hef séð heiminn rísa upp
úr rústum sjálfseyðingar sinnar
oftar en tíminn fær talið.

Séð sömu kenndirnar
verða mannum að fjörtjóni.
Séð sakleysislega löngun
umbyltast í ægilega græðgi.
Séð heiminn byggjast upp.
Séð tímans sand renna undan honum
svo hann fái fallið um sjálfan sig enn og aftur.

Ég hef fært þessum fallvalta heimi
börn sköpunar minnar
með þungum fæðingarhríðum.

Enn hafið þið ekki skilið
eða hvað?

Garðurinn hennar Þunnar

Hún geymir eplin
innsigliðum töfrum
djúpt í hjarta sínu.

Gefur þeim aðeins að bragða á
sem óttast ekki umhleytingar innra.
Þeim sem sigla um dauðans höf
með kjölfestu hugrekkis og óttast ekki andlit hans.
Munda sverðin við ginnungagap freistinga.
Tíminn dýrmætt djásn
lifir aðeins við rætur
hins síólgandi hjarta.

Hún sker æskueplið blíðlega
leggur bita í nötrandi munn
Svo holdið megi verði
ferskt að nýju.

Hún gengur hljóðlega um garðinn sinn.

Vökvar eplatréd
tárum gleðinnar.

S a g a

Í djúpri og hljóðri nótt.
Gengur inn í ósýnilegan skugga
með skynfærin þanin til hins ýtrasta.
Kannski heyrirðu mal hennar
vonar að þú verðir ekki næsta bráð.
Vonar að hún beini ekki
ástarþrungnum augum sínum að þér.
Álög hennar eru öðrum máttugri.
Hún ágirnist tryggð þína að eilífu
með því að láta þig hamskiptast
í uppáhalds gæludýrið sitt.
Temur vilja þinn
þannig að þú glatar
vilja þínum til að lifa
nema fyrir hana og
leikina hennar.

Þetta er tælandi nautnaleikur.
Kannski er hann lykillinn að öllum þínum þrá.
En þegar hún strýkur krókódílaskinnið þitt
með lostafjöðrum sínum
og skilur þig svo eftir
í örvæntingu þinni og þrá.
Þá byrjar vilji þinn að skriða inn í hjartað.
En þú hefur gleymt hvað hann tákna.
Þú finnur bara óttann, tótleikann
og lostann.

Ljóð, listaverk og ljósmyndir © 2005 Birgitta Jónsdóttir

Teikning á baksíðu © 2005 Maurizio di Bona

Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

Heimsækið Womb of Creation, verðlaunavef

Birgittu til að skoða fleiri listaverk og ljóð eftir hana.

<http://this.is/birgitta>

Til að fá lista yfir útgefin verk Beyond Borders

farið á vef útgáfunar

<http://this.is/poems>

Beyond Borders

552 1742

692 8884

poems@this.is

Þessi bók er handunnin í 44 eintökum

Þetta er bók númer

